

59. fundur skráningarráðs Gegrnis, miðvikudaginn 13. apríl 2011 haldinn í Landskerfi bókasafna, kl. 9.00-11.40

Fundarmenn: Anna Sveinsdóttir, Gunnhildur Loftsdóttir, Sigrún J. Marelisdóttir (fundarritari) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður).

Auk þess sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritsstjóri Gegrni og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis.

- 1. Fundargerð síðasta fundar** var lesin og yfirfarin. Hildur greindi frá því að búið væri að rjúfa tengsl milli greinifærslna og móðurfærslna Lifandi vínsinda. Varðandi færslur fyrir tæki og gögn sem eru skráð í Gegrni þá fær nú hvert safn sína eigin færslu sem það getur tengt við. Bíuð er að setja ný dæmi inn í handbók skrásetjara til að skýra muninn á sviðum 500 og 534 fyrir nýjar útgáfur. Fundargerðin var samþykkt.
- 2. Skráning á lögum og reglugerðum.** Rætt var um skýrslu frá starfshópi um Skráningu á lögum og reglugerðum og kom fram mikil ánægja með vinnu starfshópsins. Anna telur að gagnlegt væri að vinna einnig að samræmingu í skráningu á samningum. Starfshópur um Skráningu á lögum og reglugerðum hefur þá lokið starfi sínu. Skjalið var samþykkt.
- 3. Rafrænn aðgangur.** Rætt var um skjal sem unnið var af starfshópi um endurskoðun á skjalinu Rafrænn aðgangur (2006). Upplýsingar í sviði 856 í bókfræðifærslu og í forðafærslu skila sér í Gegrni á sama hátt. Eitthvað er um ranga röð á deilisviðum í 856 sviðinu og stendur til að taka á því máli við útgáfuskiptin þannig að þau komi rétt út í nýjum færslum. Mælt er með því að nota öll deilisviðin sem fjallað er um í skjalinu. Á fundinum kom fram mikil ánægja með skjalið og var það samþykkt með lítils háttar breytingum.
- 4. SFX færslur.** Sigrún Hauksdóttir talaði um SFX færslur í Gegrni. Í tímaritafærslum á Gegrnir.is er nú kominn tengill í rafrænt efni á Landsaðgangi í gegnum Hvar.is hnappinn. Með því að nota SFX krækjukerfið til þess að byggja brú frá Gegrni yfir í rafrænt efni á ekki að þurfa að uppfæra tengla handvirk í Gegrni fyrir Landsaðgang. Landskerfi hefur fengið tímaritafærslur frá útgefendum og steypit þeim inn í Gegrni. Þetta á að auka möguleika á að finna efnið og nálgast það í gegnum Gegrni og einnig að koma í veg fyrir að efni sé tvískráð, en töluvert af efni er tvískráð t.d. bæði í Gegrni og Timarit.is eða Gegrni og Skemmunni.
- 5. Tillögur um breytingar á linkum fyrir greinifærslur aðrar en GR færslur.** Sigrún Hauksdóttir ræddi um möguleika á að breyta linkum í greiniskráðum færslum fyrir bókarkafla úr UP í ANA í þeim tilgangi að gera leitarþáttinn skilvirkari, en eins og er finnast ekki færslur nema fyrir efni sem eintök eru tengd við, sé leitað í gagnagrunni tiltekins safns. Gerð var prufa og kom í ljós að eintökin tengjast bæði móður- og greinifærslu við breytinguna. Málið sett í nánari skoðun.
- 6. PRIMO.** Fanney og Sveinbjörg ræddu um prufuaðganginn að Primo og var lýst ánægju með nýju leitargáttina, en galli er þó að alnafnar raðast saman vegna þess að fæðingarár kemur ekki fram, missir að flettileitinni. Efnisorðin birtast í einum streng, en það er í skoðun hjá Ex Libris hvort hægt sé að breyta því. Hvað ræður röð í birtingu titla? Ýmis atriði t.d. hvar leitarorðið kemur fyrir, útlán efnis o.fl. Áætlað er að keyra Primo samhliða Gegrni í ca 2 ár. Umræður urðu um hvort breyta þyrfti um nafn á Gegrni, rök bæði með og móti.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 11.40. Næsti fundur ákveðinn 11. maí kl. 9.